

Umhverfisstofnun

B.t. Sigurðar Ingasonar

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Garðabær 28.7.2021

PS, HP K-17056

Sent á netföngin; ust@ust.is og Sigurduri@umhverfisstofnun.is

Umsögn heilbrigðisnefndar um;

Umhverfisvöktunaráætlun Rio Tinto á Íslandi 2021-2029

Vöktunaráætlunin nær til vöktun loftgæða, veðurfars, gróðurs, vatns og lífríki sjávar.

Umfjöllun um áætlunina:

- | | |
|--|---------------------|
| 1. Loftgæði. | Athugasemdir gerðar |
| 2. Veður. | Engar athugasemdir |
| 3. Gróður og vatn. | Athugasemdir gerðar |
| 4. Lífríki sjávar og efnasamsetning sjávar | Engar athugasemdir |
| 5. Grunnvatn. | Engar athugasemdir |

(3) Gróður og vatn.

Heilbrigðisnefnd telur að endurskoða eigi vöktun á flúor í gróðri í umhverfi álversins. Þegar tillaga að núverandi vöktun var upphaflega mótuð 1968 var áherslan lögð á vöktun umhverfisþátta vegna grasbíta enda reynslan hér af flúormengun tengd áhrifum eldgosa á búfénað. Ekki var hægt að sækja í gagnagrunna um slíka vöktun.

Nálgunin í vöktunaráætluninni er óbreytt, þó af ýmsum og þá einkum af ytri ástæðum, hefur sýnatöku verið breytt nokkuð. Eftir liðlega hálfar aldar rannsóknir telur heilbrigðisnefnd að full ástæða sé til að leggja mat á árangur vöktunarinnar og draga lærdóma til að styrkja áframhaldandi vöktun. Þessi samfellda sýnatökuröð er merk rannsókn og þó kallað sé eftir að vöktunaráætlunin verði aðlöguð að breyttri þekkingu og þörfum þarf að tryggja samfellu milli hennar og breyttra rannsókna.

Að draga lærdóma. Árið 2019 samþykkti Háskóli Íslands mastersritgerð Sigrúnar Hrannar Halldórsdóttur í umhverfisræðum. Rannsókn Sigrúnar, „Vöktun á loftbornum flúor í gróðri“, var fólgin í að safna saman niðurstöðum mælinga frá upphafi rannsókna og þurfti að leita víða til að safna þeim saman og síðan og ekki síst að rýna niðurstöður hálfar aldar rannsókna. Fyrir þá sem ekki þekkja þá er Sigrún líffræðingur frá HÍ og starfaði sem heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði um árabil.

Núverandi vöktunaráætlun álversins er frá 2014 en byggir á sama grunni og unnið hefur verið eftir frá 1968, þ.e. grunnurinn er áhrif losunar flúors á grasbíta sem lítið er þó um á svæðinu í dag. Í rannsókn sinni bendir Sigrún Hrönn á fjölda þátta sem bæta mætti án þess að gjörbylta áætluninni. Þannig sé gras svo dæmi sé tekið almennt ekki álitin sérstaklega heppileg planta til vöktunar. Frekar ætti að fjölga tegundum háplantna í vöktunarmenginu.

Í rannsóknaniðurstöðum sínum bendir Sigrún Hrönn á að Sviðsholt á Álfanesi sé eini staðurinn í beinni norðan átt frá álverinu. Vindrós í þurru veðri sýnir að það er í ríkjandi vindátt frá álverinu.



Flúormælingar í birki gefa vísbendingar um að hin síðustu ár sé álag mest á gróður á Garðaholti og síðan í Hellisgerði og við Hvaleyrarvatn. Á næstu sýnatöku stöðvum við Garðaholt, Dysjum og Sviðsholti, sé eingöngu tekin grassýni. Þá bendir Sigrún Hrönn á að óheppilegt sé að nýta Skorradal sem bakgrunnsgildi í námunda við eitt stærsta álver landsins. Það álver hefur verið rekið frá 1999 en frá þeim tíma hafa þar komið fram toppar í flúorstyrk plantna sem rýrir trúveruleika samanburðar við bakgrunnsgildi.

Heilbrigðisnefnd gerir athugasemdir við þann þátt vöktunaráætlunar álversins er snýr að gróðri og vatni. Óskar nefndin eftir að haft verði náið samráð við hana áður en áætlunin verði samþykkt.

(1) Loftgæði.

Heilbrigðisnefnd er með athugasemdir/ábendingar við þrjá þætti er varða loftgæði sem tengja má við vöktunaráætlun Rio Tinto á Ísland. Þeim má gefa yfirskriftina, *mælistöðvar, PAH-mælingar og Garðaholt í Garðabæ*. Tekið skal fram að nefndin fagnar sérstaklega nýrri mælistöð sem áformað er að staðsetja á svæðinu við Straum og einnig að veðurstöðvar verða eftirleiðis í báðum mælistöðvunum.

a. *Mælistöðvar.*

Ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðuneytis um að fella niður þynningarsvæði þrengir að ákveðnu marki að álverinu og setur skipulagsmál Hafnarfjarðarbæjar í breytta stöðu. Lýta má svo á að tillaga að nýrri mælistöð í Straumi sé ákveðin viðbrögð við þeirri ákvörðun.

Heilbrigðisnefnd hefur um skeið haft efasemdir um að núverandi staðsetning loftgæðamælistöðvarinnar á Hvaleyrarholti sé nægjanlega lýsandi. Engin veðurstöð hefur verið í mælistöðinni en af skýrslum má þó ráða að vindstefnur frá álverinu að stöðinni sé aðeins í um 4% af tíma, a.m.k. sum ár.

Í umhverfisvöktunaráætlun Rio Tinto á Íslandi er bent á staðsetningu mælistöðvar heilbrigðisnefndar sem er við Norðurhelli í Hafnarfirði. Kaup á stöðinni og val á staðsetningu var til að leggja mat á mengunarálag sem íbúabyggðin á Völlunum yrði fyrir frá álverinu, höfninni í Straumsvík, þungaumferð og iðnaðarsvæðinu sunnan Reykjanesbrautar. Staðsetningin tók líka mið af staðsetningu mælistöðvar álversins og Umhverfisstofnunnar. Heilbrigðisnefnd getur staðfest að mælingar hennar benda ekki til þess að íbúabyggðin sé undir óeðlilegu álagi. En nefndin vill einnig taka fram að það hefur verið til skoðunar að færa stöðina til að vakta álag innar í bænum vegna mikilla umferðaræða. Því hefur þó verið slegið á frest um sinn vegna eldsumbrota á Reykjanesi. En eigi að síður, umhverfisvöktun vegna áhrifa Rio Tinto á Íslandi er og á að vera óháð þeirri vöktun sem heilbrigðisnefnd stendur fyrir.

Það er álit heilbrigðisnefndar að Umhverfisstofnun verði að leggja sjálfstætt, faglegt og formlegt mat á það hvar mælistöðvar álversins séu best staðsettar. Heilbrigðisnefnd mun kalla eftir því mati.

b. *PAH-mælingar*

Álver eru þekktar uppsprettur fyrir PAH-efni í andrúmslofti þó þær séu fleiri. Heilbrigðisnefnd hefur ávallt undrast að ekki skuli fara fram mælingar á PAH-efnum í útblæstri frá álverinu.

Með vísan til nálægðar álversins við íbúðabyggð telur heilbrigðisnefnd að það eigi að vera síst minni vöktun á PHA-efnum frá álverinu í Straumsvík en öðrum álverum á Íslandi.

c. *Garðaholt í Garðabæ*

Þegar litið er til vindrósa og að flúor í birki mælist hæst á Garðaholti á öllu svæðinu, má leiða líkur að því að Holtið sé undir álagi. Þar er aukin íbúabyggð áformuð.

Umhverfisnefnd Garðabæjar hefur fylgst með mælingum á svæðinu og iðulega kallað eftir upplýsingum frá heilbrigðiseftirliti um framkvæmd loftgæðamælinga. Á fundi nefndarinnar

sem haldinn var 14. apríl sl. var fjallað um vöktun á loftbornu flúori í gróðri. Eftirfarandi bókun var gerð:

„Umhverfisnefnd telur nauðsynlegt að bæta vöktunaráætlun frá Álverinu fyrir svæðið í heild við endurútgáfu starfsleyfis fyrir álverið í Straumsvík. Mikilvægt er að fá loftgæðamæli á svæðið og samráð verði haft við heilbrigðiseftirlitið.“

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar þann 20. apríl sl. var fjallað um ályktun umhverfisnefndar. Bæjarráð gerði eftirfarandi bókun:

„Bæjarráð samþykkir tillögu umhverfisnefndar um að nauðsynlegt sé við endurútgáfu á starfsleyfi fyrir Álverið í Straumsvík að bæta vöktunaráætlun vegna flúormælinga í gróðri fyrir svæðið í heild og þar með talið svæðið á Garðaholti.“

Samantekið.

Eins og kemur fram í umhverfisvöktunaráætlun Rio Tinto á Íslandi fyrir árið 2021-2029 samþykkti Umhverfisstofnun fyrstu vöktunaráætlunina í janúar 2014 og er þetta fyrsta uppfærsla þeirrar áætlunar. Við þau tímamót að ný áætlun leysi eldri af hólmi er rétt að líta til reynslunnar bæði hjá álverinu sem og hjá öðrum iðjuverum en líka að meta breytingar í byggðapróun sem orðin er og sem stefnir í á gildistíma áætlunarinnar.

Viðamiklar vöktunarmælingar hafa verið gerðar allt frá því að álframleiðsla hófst í Straumsvík. Eru mælingar á flúor líklega ein af lengstu samfelldu umhverfis-efna-rannsóknnum sem fram hafa farið á Íslandi. Ekki skal lítið gert úr því að viðhalda slíkri gagnasöfnun til að kortleggja breytingar yfir langan tíma. En umhverfisvöktunaráætlun Rio Tinto á Íslandi verður einnig nauðsynlega að taka mið af byggðapróun í nágrenni álversins og fylgjast með og leggja mat á álag frá rekstri álversins á sitt umhverfi.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis leggur því til að skoðaðar verði þær tillögur sem fram eru settar í umsögn nefndarinnar um drög að umhverfisvöktunaráætlun Rio Tinto á Íslandi.

Að:

- Vöktunaráætlun vegna flúors í gróðri verði aðlöguð að bættri þekkingu í samráði við heilbrigðisnefnd.
- Umhverfisstofnun leggi sjálfstætt, faglegt og formlegt mat á það hvar mælistöðvar álversins séu best staðsettar, þ.m.t. stöðin á Hvaleyrarholti.
- Að athugað verði með vöktun á PAH-efnum í andrúmslofti með hliðsjón af vöktun annarra álvera á Íslandi.
- Að teknað verði upp reglubundnar mælingar á flúor í lofti og ryki á Garðaholti í samræmi við óskir bæjarráðs Garðabæjar.

F.h. heilbrigðisnefndar


Hörður Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri